

Snarfari, félag sportbátaeigenda

Aðalfundur 26. janúar 2017

Fundur var settur, vel var mætt, fullur salur félaga.

Sigvaldi Pétursson samþykktur fundarstjóri og Pálína E. Jónsdóttir fundarritari.

Formaður Pétur Ó Einarsson flutti skýrslu stjórnar:

- Haldnir voru 13 formlegur stjórnarfundir á rekstarárinu og eins var hist nokkrum sinnum á óformlegum fundum. Einnig var haldin sérstakur nefndarfundur í byrjun árs
- Haldnir voru tveir félagsfundir utan aðalfundar um vor og svo aftur um haust. Einnig var kallaður til sérstakur fundur vegna hugmynda um traktorskaup
- Gerð var viðhorfskönnun meðal félagsmanna í byrjun árs
- Ellefu fréttabréf voru send út á árinu. Eins voru fréttir uppfærðar reglulega á heimasíðu félagsins.
- Opnuð var fésbókarsíða (Snarfarafélagar)
- Hreinsunardagar voru fjórir. Þrír að vori og einn að hausti. Um 20 manns mættu í hvert sinn
- Stjórn stóð fyrir 12 viðburðum á árinu. Sjósetningarhátíðin var vinsælust en 120 manns mættu í mat og líklega um 150 manns voru á svæðinu þegar mest var.
- Fræðslufundur var haldinn um skemmtibátatryggingar í samstarfi við Vís. Í framhaldi var samið um að VÍS myndi auglýsa á heimasíðu okkar
- Farið var yfir svæðið og bryggjur í feb 2016 og athugað með báta á svæðinu sem ekki hafði verið gerð grein fyrir. Reikningar fyrir rúma eina milljón kr. voru sendir út í frh.
- Kar fyrir ónýta rafgeyma var sett við skemmu. Fyrst og fremst vegna umhverfisástæðna Olíuúrgangsgeymir var færður til vegna sömu ástæðu
- Nýtt öryggismyndavélakerfi var keypt og sett upp. Upptaka af einni vél í senn verður aðgengileg á heimasíðu Snarfara
- Fjórir færanlegir rafmagnsstaurar voru keyptir í haust. Mikill sveigjanleiki felst í hreyfanleika þeirra. Eru í skemmu og verið er að gera þá klára
- Skipt var um ónýtt gólf á salerni í félagsheimili og voru ný hreinlætistöki keypt í leiðinni.
- Keyptir voru fjórir hægindastólar og borð í félagsheimilið
- Samið var við Ölgerðina um uppsetningu sjálfsala sem er nú í húsi
- Gardínur í félagsheimilinu voru teknar niður á hreinsunardögum og settar í þvott. Einnig var tekið vel til og nokkrum ruslapokum af gömlum tímaritum o.fl. var hent
- Fyrirtækið Isnic gaf félaginu Apple tölvu sem var sett upp í félagsheimili í stað eldri tölvu. Eins var ný tölva keypt á skrifstofu í byrjun rekstarársins en sú gamla var ónýt.
- Vatn og rafmagn var lagt til þjónustubryggju
- Hvammsvíkurbryggja var löguð eftir foktjón og sett út á sinn stað í byrjun sumars

- Gert var við ból í Flatey sem var orðið lélegt og óöruggt
- Keypt var skoðun hjá köfunarþjónustu um vorið til að greina ástand bryggja. Fyrir liggur skýrsla og verkefni sem verður að fara í á næsta ári. Kafað var aftur í des með að markmiði að skipta um lás á A-bryggju og skoða ástand hennar
- Sett var „útstoð“, við A bryggju til að halda henni frá landi en syðri endi hennar hefur verið upp í grjóti á fjöru síðustu ár
- Viðeyjarbryggja var sett út um sumarið. Er hún á landi í Viðey og þarf að taka hana frekar snemma út á næsta ári vegna fuglalífs í eyjunni
- Hlið okkar sem var keyrt niður í haust var bætt
- Vilji er fyrir kaupum á aðgangskerfi. Komin eru tilboð en ekki búið að ganga frá samningi
- Rafmagn var lesið af mælum tvisvar á árinu
- Traktorsgjöld voru hækkuð úr 4000 kr í 5000 kr í mars og gjöld fyrir utanfélagamenn voru hækkuð vegna aðgangs að háprýstidælu og vegna sjósetningar og upptöku
- Mikill þrýstingur var settur á borgaryfirvöld í byrjun árs vegna lélegs ástands á vegi að Snarfara og endaði með að við fengum hann lagaðan til bráðabirgða
- Tvær athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda í nágrenni Snarfara voru sendar skipulagsyfirdum. Önnur vegna fyrirhugaðrar skólabyggingar á svæðinu sunnan við félagsheimili og svo hin vegna fyrirhugaðrar landfyllingar austan og við ytri enda innsiglingar
- Stjórn átti tvo formlega fundi með Reykjavíkurborg, annan vegna innsiglingamála og hinn vegna fyrirhugaðra framkvæmda í nágrenni Snarfara . Við erum á sama stað og áður með innsiglingamálin og ekkert er fyrirséð í þeim efnum þó viljrði hafi verið gefin um dýpkun
- Stjórn hafði frumkvæði af og skipulagði fund með forstjóra Samgöngustofu og fleiri lykilmönnum stofnunarinnar með að markmiði að endurvekja nefnd sem vann að hagsmunum skemmtibáta. Fyrsti fundur er dagsettur í feb
- Haldnir voru þrjár fundir með arkitektastofunni Arkís sem teiknaði fyrir félagið hugmyndir af skipulagi sem mun nýtast í samskiptum við borgaryfirvöld
- 30 nýir félagar voru samþykktir í félagið á rekstarárinu
- Olúbryggja var tekin upp af eiganda tæpri viku af janúar þar sem pramminn sem dælan stóð á tók upp á því að leka. Skeljungur segist muna gera við og setja á sama stað.

Skýrsla stjórnar-nokkur verkefni framundan

- Öryggismál-verðum að tryggja eins og mögulegt er eigur félagsmanna
 - Hvað getur félagið gert og félagsmenn sjálfir
- Laga austurhlið félagsheimilis og þakskegg sem er að mestu gegn fúid. Mála þarf húsið, skipta þarf út hluta girðingar við höfn
- Viðhald á bryggjum
 - Klára vekefnalista sem fæddist eftir köfun síðasta vor
 - Koma rafmagni og festingum á C-bryggju í gott horf. Eins B-bryggju og útstoð á báðar bryggjur
 - Skipta um fúid timbur í útleggjurum og nýtt timbur á þjónustubryggju
 - Laga Hvammsvíkurbryggju-fimm ár eftir af samningi
- Nýtt deiliskip á svæðinu og í framhaldi líkleg ósk um endurnýjun samnings við Snarfara

- Þjónusta endurskipulögð
- Til umhugsunar: Fjöldgun bryggjuplássa - hvort, hvernig, hvenær? Norður kantur, Vestur kantur, (suður?)

Jarðvegsflutningar dýrir-Getur verið tækifæri vegna uppfyllingar austan við okkur-vera tilbúin til að nýta það ef það kemur upp

Sigvaldi fundarstjóri kynnti næsta lið Reikningar

Guðrún fór yfir reikninga. Áhugamannafélag 23,8 milljónir í rekstrartekjur. Tekjuhagnaður liðlega 4 millj. Framsetning reikningsins var í góðu lagi að mati endurskoðunar. Guðrún fór yfir reikninga. - Þeir voru síðan samþykktir með meginþorra atkvæða.

Formaður kynnti síðan gjaldskrá. Eigi að standa undir kostnaði. Símon fór yfir hvað hver liður kostar. Ef fara ætti eftir því þyrfti traktor að kosta amk 9000 og félagsgjöld að vera 16000.

Bryggjugjöld og aðstöðugjöld verða óbreytt.

Inntökugjald leggjum til hækkun í 80.000 gríðarleg ásókn er um félagsaðild. Gífurleg verðmæti sem menn gangi hér að. Hækkun á öllum aðföngum.

Úr Sal: Sæmundur. Meðalaldur hér 61 ár. En á ungt fólk þennan pening.

Úr Sal: Hafþór. Skil þetta. Höfum haldið aftur af gjöldum. Þess vegna eigum við að hækka á nýja félag. Kemur okkur hér til góða en nýir eru að kaupa sig inn í ódýra þjónustu.

Úr Sal: Er nýr. Alveg hissa hvað ég fæ innan við 100 þús. Allavega bara borgað einu sinni.

Úr Sal: Samþykkja inngöngu nýrra t.d. á aðalfundi?

Úr Sal: Hópur, þar borgar bara einn inntökugjald hinir bara félagsgjald.

Úr Sal: Bara stórt stökk, kannski fyrst helming og svo helming.

Úr Sal: Liðlega 300 félagar. Viljum við fjölga þeim. Matsatriði.

Úr Sal: Hagfræðidæmi. Í lagi nú er eftirspurn.

Úr Sal: Ef 40 ganga í félagið er þá pressa á framkvæmdir?

Kosið um hækkun úr 40.000 í 80.000. - Samþykkt með meginþorra atkvæða.

Næst **Félagsgjald**. Leggjum til hækkun úr 5000 í 10.000. Viðgerðir á döfinni á húsi og fleiru. Sex ár síðan það hækkaði.

Úr Sal: Hafþór: Er á móti þessu. Sumir bátlausir, greiða félagsgjöld. Tapast fljótt. Er of mikil hækkun.

Pétur formaður: Ef þetta er hluti af kostnaði þyrftu þau að vera 13.000, leggjum til 10.000.

Úr Sal: Sæmundur: Lækkum við þá meðalaldurinn?

Úr Sal: Jóhannes: Skil ekki þessa hækkun, félagið er skuldlaust. 100% hækkun er gróft.

Pétur formaður: Miklar framkvæmdir framundar. Bryggju og aðstöðugjöld hafa borgað það alfarið.

Úr Sal: Ekki upphæð til að tala mikið um.

Úr Sal: Eru fleiri hækkanir á gjöldum?

Pétur formaður: Nei, engar.

Kosið um hækkun félagsgjalds úr 5.000 í 10.000. - Samþykkt 21 atkvæði gegn 13.

Sigvaldi fundarstjóri: Mér varð á gleymdi að bera upp skýrslu stjórnar. - Samþykkt með meiriþorra atkvæða.

- Kynnti næsta lið **kosningar**.

Fyrst formaður til eins árs. Pétur O. Einarsson - Sjálfkjörinn. Klappað

Tveir meðstjórnendur til tveggja ára: Kristján M. Gunnarsson og Kolviður Ragnar Helgason. Sjálfkjörnir. Klappað.

Einn meðstjórnandi til eins eins í stað Kristjáns Kristjánssonar - Sigríður Jónsdóttir. Sjálfkjörin. Klappað.

Þrjú varamenn til eins árs: Jóhannes Valdimarsson, Jamil Allansson og Róbert Magnússon. Sjálfkjörnir. Klappað.

Tveir skoðunarmenn til eins árs og tveir til vara: Aðalmenn Jónas Garðarsson og Sigvaldi Pétursson. Til vara: Jón Andrés Jónsson og Guðmundur Gestsson. - Sjálfkjörnir. Klappað.

Næst á dagskrá Önnur mál:

Pétur Formaður: Tillaga stjórnar um verktaka. Eilífur eltingarleikur og reddingar. Tel ekki eðlilegt að stjórn vinni allt. Ofboðsleg vinna. Vantar lykla, rafmagn og fleira, allavega og á öllum tímum. Félagsmenn ganga aldrei að þjónustu vísri og þurfa að elta uppi stjórnarmenn eða aðra.

- Tillaga stjórnar um að ráða starfsmann/verktaka á svæðið Starfssvið á skilgreindum þjónustutíma. Afhendir lykla/kort utan formlegra lykladaga. Veitir aðgang að rafmagni og sér um sjósetningu og upptöku báta á skilgreindum þjónustutíma. Pöntun á rekstarvörum, umsjón með félagsheimili og álestur rafmagns. Minniháttar viðhald og kemur boðum til stjórnar um stærri verkefni o.fl

Forsenda er skýr starfslýsing og viðkomandi vinnur í umboði stjórnar, hefur umboð til athafna og ákvarðanir samrýmast lögum og reglum félagsins. Áætlaður kostnaður rúm 1.milljón króna miðað við um 230 klst framlag

- Ávinningur
Betri og aðgengilegri þjónusta við félagsmenn. Auglýstur þjónustutími fram í tímann. Betri meðferð á eignum félags þ.m.t. Traktor.
- Auðveldara að fá félagsmenn í stjórn og sjálfboðaliða til starfa. Verkefni næg fyrir og

fólk í fullu starfi samhliða stjórnarsetu. Betra eftirlit á svæðinu og skilvirkari innheimta

Símon: Góður maður skilar meiri tekjum til félagsins.

Úr Sal: Hve margir tímar?

Úr Sal: System má ekki vera hamlandi. Verður að vera með réttindi. List vel á þetta.

Pétur formaður: Erfitt án starfsmanns.

Sigríður: Menn hafa lagt sig í stórhættu við upptökur í klakahröngli.

Úr Sal: Vantar sterkari fundarstjórn, umræður af viti, list vel á þetta.

Pétur: Tek þetta á mig ég einoka ræðustólinn.

Úr Sal: Höfnin var lokuð á vetrum hér áður.

Kosið um málið: Ráða starfsmann án fastrar upphæðar? Samþykkt með meginþorra atkvæða, 23 með 6 á móti.

Pétur formaður: Mitt hjartans mál Bátalyfta. Borgar sig til lengdar. Ákveðið öryggi. Hönnuð til að taka upp báta, þjónum þá fleiri félögum.

- Gerð er tillaga um stofnun 3 manna nefndar sem hefur það markmið að koma með tilögu til stjórnar um kaup á bátalyftu á svæðið á árinu og í framhaldi þá heimild stjórnar að kaupa bátalyftu sem samræmist forsendum.
 - Forsendur: Verður að bera sig fjárhagslega og geta sinnt þeim félagsmönnum sem geta eða vilja ekki nota traktor

Kostar um 7,5 millj lyftir 12 tonnum sem eru ca 42 feta bátar.

Úr Sal: Hægt að leigja kranabíl fyrir 300 þús á dag.

Pétur formaður: Fer niður rennu á kaf í sjó, glussatjakkar, réttir sig af. Er ekki að leggja til kaup. Hér eru keypt tæki sem borgar sig. Tekjur af þessu borgar upp hratt.

Sigvaldi P: Kerra kostar 1 millj, lyfta betri.

Úr Sal: Framtíðar hagræði, gott fyrir Brokeyjarmenn, líklegir til að kaupa þjónustu. Mjög margar útlendar skútur. Borgar sig fljótt upp. Þeir borga miklu meira heima hjá sér.

Pétur formaður: Hægt að fá notaðar lyftur sem taka 16-20 tonn, þurfum að skoða þetta allt.

Hafþór: Tillagan meingölluð. Getur ekki tekið upp og sett í annað s.s. vagn. Tekur allt of mikið pláss, þessir glussatjakkar og 8 fætur, eyðileggst allt í sjó. Fundur á ekki að samþykkja þetta allt opið í báða enda. Erlendar skútur hér eru frá 0-3. Engin tekjulind. Öll sú þjónusta veitt af stjórn. Ekki hér til að þjónusta Brokey.

Pétur formaður: Í gjaldskrá er sérgjald fyrir utanfélagsbáta. Ákveðið var á aðalfundi að taka ekki fleiri atvinnubáta. Skemmtibátafélag.

Úr Sal: Ef jákvætt kemur úr nefnd og bera þá undir fund, ekki að gefa stjórn leyfi til að kaupa þá.

Úr Sal: Sigríður Í Njarðvík er svona tæki. Má tala við þá um hvernig reynst hefur.

Hafþór. Aðalfundur má ekki samþykkja að kaupa lyftu sem kostar X. Hægt að fá meira pláss með því að raða bátum öðruvísi.

Þorsteinn Gunarsson: Ágreiningur mikill. Ekki gott að bæta við. Að félagsfundur taki ákvörðun.

Hafþór: Kostar heilmikið þarf aðalfund til svona fjárfestingar.

Funarstjóri. Aðalfundur og félagsfundur eru jafnrétt háir.

Formaður: Tillagan ekki borin undir atkvæði að sinni. - Þakka fundarmönnum. Fundi slitið.